

Nd.

298. Frumvarp

til laga um lestagjald af skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af hverju skipi, sem er 5 smálestir brúttó eða stærra og skrásett hjer á landi, skal greiða í rikissjóð 1 kr. 50 a. gjald á ári af brúttósmálest. Hálf smálest eða meira telst heil, en minna broti skal slept.

2. gr.

Lögreglustjórar innheimta gjald þetta á manntalsþingum, í fyrsta sinn 1922, og skal það greiðast í því lögsagnarumdæmi, sem skip er skrásett. Um greiðslu gjaldsins í rikissjóð fer sem um önnur manntalsbókargjöld.

3. gr.

Gjald þetta hefir lögtaksrjett og gengur í 2 ár frá gjalddaga fyrir öllum veðkröfum í skipi.

4. gr.

Ef skip ferst eða er rífið á fyrra helmingi almanaksárs, greiðist ekkert gjald á því ári, en vilji þetta til síðar á árinu greiðist fult gjald. Gjaldfrjáls eru þau skip, sem eigi eru notuð á gjaldárinu.

5. gr.

Heimilt er með ákvæði í sjárlögum að hækka eða lækka gjald þetta fyrir 1 ár í senn. Þó sje það samþykkt í sameinuðu þingi með $\frac{2}{3}$ atkvæða.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.